



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

70. fundur

**Fundur haldinn í stjórn Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur, fimmtudaginn
7. júní 2024 kl. 12:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. að Flugvöllum 33,
Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Kjartan Már Kjartansson formaður, Úlfar Lúðvíksson, Birgir Örn Ólafsson, Magnús Stefánsson, Jón Guðlaugsson, Guðlaugur Sigurjónsson, Gunnar Schram, Guðlaug R. Guðjónsdóttir, Arnar Steinn Elíasson, Eyþór Þórarinsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Gustav HS veita, Friðfinnur Freyr Guðmundsson verkefnastjóri neyðarviðbúnaðar hjá Isavia, Einar Snorrason (RNB)

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Jón Guðlaugsson fékk orðið, hann kynnti nýráðinn slökkviliðsstjóra Eyþór R. Þórarinsson til leiks. Hann notaði jafnframt tækifærið til þess að þakka öllum fyrir gott og farsælt samstarf s.l. 50 ár.

Almannavarnarnefnd bíður Eyþór velkominn til starfa og þakkar fráfarandi slökkviliðsstjóra fyrir gott og farsælt samstarf.

Dagskrá:

1. **Staða og horfur á Reykjaneskaga-Úlfar/Arnar Steinn.**

Arnar Steinn fór yfir verkefni verkefnastjóra almannavarna á Suðurnesjum. Hann er ráðinn inn til Ríkislögreglustjóra en m.a. hans verkefna er að vera samhæfingaraðili innan embættisins. Hann á að tryggja samfellu í verkefnum AST og að farið sé eftir stjórnkerfi almannavarna. Auk þess að hafa umsjón með AST og VST.

Arnar fór yfir hlutverk og verkefni almannavarnanefnda en hlutverkið er byggt á lögum um almannavarnir nr. 82/2008. Í máli hans kom fram að AST/VST er búið að vera virkt frá 10. nóvember 2023. Rýmingar í Grindavíkurbæ hafa gengið mjög vel og einnig hefur gengið vonum framár að koma hjólum af stað að lokinni rýmingu.

Verkefnin framundan eru margvísleg. Gera má ráð fyrir áframhaldandi jarðhræringum og eldgosum. Í haust verður haldin flugslysæfing eða þann 17. nóvember. Á næstunni verður einnig unnið að gerð viðbragðsáætlana, gátlista og áframhaldandi vinnu í uppsetningu AST, áhættu og áfallaþol sveitarfélaga.

2. **Er rétti tíminn til að breyta skipulagi almannavarna á Suðurnesjum (sameining nefnda/starfsfólks?) – KMK og Úlfar.**

Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnarnefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna. Sveitarstjórnnum er heimilt að vinna saman að

gerð viðbragðsáætlunar, semja um gagnkvæma aðstoð eða koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd. Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu ráðherra.

Almannavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög um almannavarnir. Þær vinna í samstarfi við lögreglustjóra að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands og fleiri aðilum eftir atvikum hverju sinni.

Í stjórn aðgerða fellst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarf vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð samkvæmt lögum um almannavarnir.

Í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum eru almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur og almannavarnanefnd Grindavíkur. Lögreglustjóri á sæti í þeim báðum lögum samkvæmt.

Aðgerðastjórn hefur aðsetur í húsnæði Brunavarna Suðurnesja í Reykjanesbæ. Svo hefur verið frá fyrsta eldgosí í mars 2021. Stjórnstöðin er sérstaklega útbúin fyrir aðgerðastjórn. Starfsvæði Brunavarna Suðurnesja nær frá Hvassahrauni sunnan Virkishóla um öll Suðurnes að Reykjanestá utan Grindavíkur, um Seltjörn, og flugverndarsvæði innan Keflavíkurflugvallar. Byggðasamlag er um reksturinn en að honum standa Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar.

Af hálfu almannavarnanefndar Suðurnesja, utan Grindavíkur hefur um langt skeið verið áhugi fyrri því að sameina almannavarnanefndirnar á Reykjanesskaga. Lögreglustjóri hefur og lagt á það áherslu.

Stýring aðgerða frá aðgerðastjórnstöðinni í Reykjanesbæ hefur reynst vel við ríkjandi almannavarnaástand í Grindavíkurbæ þar sem vettvangsstjórn hefur verið staðsett þá daga sem það hefur verið talið ásættanlegt.

Það er mat þeirra sem sitja í almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur að með hliðsjón af heildarhagsmunum sveitarfélaga á Suðurnesjum fari vel á því að á Reykjanesskaga starfi ein og samhent almannavarnanefnd sem gæti heildarhagsmuna sveitarfélaga í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Landfræðilega hindranir eru ekki til staðar og stuttar vegalengdir á milli byggðakjarna.

Árið 2003 hvatti þáverandi ríkislögreglustjóri lögreglustjóra á þeim tíma til að huga að sameiningu almannavarnanefnda hver í sínu umdæmi.

Vert er að benda á að sameiningar almannavarnanefnda hafa víðast hvar gefist vel hér á landi.

Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur leggur til að hafist verði handa við gerð samstarfssamnings sveitarfélaga á Suðurnesjum um starfsemi sameiginlegrar almannavarnanefndar á Suðurnesjum.

3. **Áhættumat og áfallapól, staða vinnunnar í sveitarfélögunum og næstu skref - bæjarstjórnir eða aðrir fulltrúar sveitarfélaganna.**

Fulltrúi Reykjanesbæjar fór yfir stöðuna hjá Reykjanesbæ en vinna er hafin við gerð áhættu- og áfallapólsmats fyrir sveitarfélagið.

Vinna er einnig farin af stað hjá Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum en þau eru þó styttra komin. Búið er að vinna greiningu á áhættumati og áfallapóli fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og var því skilað inn þann 30. maí 2024

Lagt er til að búin verði til starfshópur til þess að vinna þetta verkefni sameiginlega. Arnari falið að vinna verkefni áfram og boða starfshópin til fundar.

4. **Viðbragðs- og rýmingaráætlanir sveitarfélaganna (fulltrúi Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra).**

- a) ein sameiginleg áætlun fyrir allt svæðið.
- b) ein áætlun fyrir hvert sveitarfélag
- c) blönduð leið

Nefndin ræddi kosti og galla ofangreindra áætlana. Fulltrúi Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra taldi að það væri mikilvægt fyrir öll sveitarfélög að eiga sína innri áætlun. Þegar stórir atburðir gerast mun áætlun Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra leggjast ofan á þær. Einnig kom fram í máli hans að hann væri reiðubúinn til þess að lesa yfir áætlanir sveitarfélaganna sé þess óskað.

5. **Önnur mál**

Nefndin ræddi mikilvægi þess að ákveða til framtíðar, í ljósi þess að nýr slökkviliðsstjóri væri komin til starfa hver myndi stafa sem framkvæmdastjóri Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur.

Enginn önnur mál.

Fundi slitið kl. 12.40.